



Beiðni fyrir Múlabæ er í formi lækna- eða hjúkrunarbréfs. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram.

Grunnupplýsingar:

Nafn og kennitala þess sem sótt er um fyrir, heimilisfang, símanúmer,
Nafn á aðstandanda, tengsl og símanúmer
Búseta, sjálfstætt eða búseta með einhverjum. Hvernig er aðgengi að húsnæði.
Fjölskylda, maki, börn, hver er helsti stuðningsaðili.

Heilsufarsupplýsingar:

Helstu heilsufarsupplýsingar; sjúkdómar, slys, áföll sem hafa áhrif á líðan og heilsu
viðkomandi í dag. Sjálfsbjargargeta, hreyfifærni, hjálpartæki, sjón og heyrn.
Ástæða innlagnar á LSH í síðustu innlögn. Ráðstafanir sem voru gerðar við útskrift, s.s.
heimahjúkrun, heimastuðningur, endurhæfingarteymi, akstursþjónusta (ef þörf).

Ef grunur um vitræna skerðingu eða greiningu um heilabilun liggur fyrir þá þarf það að koma fram.
Setja niðurstöður úr síðastu minnisprófum á umsókn. Gott að vita ef viðkomandi hefur verið eða er í
greiningarferli. Ef sterkur grunur um heilabilun þá er hjálplegt að búið sé að óska eftir öldrunarmati á
viðkomandi heilsugæslu með tilliti til greiningar.

Var umsækjandi að þiggja þjónustu dagþjálfunar, endurhæfingar eða sjúkraþjálfunar (á stöð eða
heimasjúkraþjálfunar) fyrir innlögn? Ef já þá hvar og hver er tengiliður?

Var umsækjandi með heimaþjónustu? Ef já, hver er tengiliður?

Heilsugæslustöð viðkomandi, heilsugæslulæknir og aðrir sérfræðingar ef vitað hverjir eru.

Hver sækir um, nafn, símanúmer og/eða tölvupóstfang.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband á netfangið: hjukrun@internet.is